



Borgarráð

### **Tryggvagata 17, Hafnarhúsið – leiga fyrir skapandi verkefni**

Óskað er eftir samþykki borgarráðs fyrir því að auglýsa eftir samstarfsaðila til að reka miðstöð fyrir skapandi greinar í Tryggvagötu 17, Hafnarhúsinu. Leitað verði eftir aðila sem mun taka húsnæðið á leigu og sjá um framleigu og utanumhald í samvinnu við Reykjavíkurborg.

#### **Greinargerð**

Reykjavíkurborg hefur gengið frá kaupum á þeim hluta Tryggvagötu 17 sem var í eigu Faxaflóahafna. Afhending húsnæðis verður í júní 2022. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði nýtt sem vinnu- og lærdómsaðstaða í miðbæ Reykjavíkur þar sem mismunandi skapandi greinar svo sem listgreinar, hönnun, forritun og önnur nýsköpun komi saman. Staðsetning verkefnisins hentar afar vel í ljósi þess sem er og verður í næsta nágrenni og þeirri uppbyggingu sem er á næsta leiti. Horft verður til þess að starfsemin í húsinu falli að nærumhverfinu og gæði það lífi.

Rýmið til ráðstöfunar í húsinu er um 3.500 fermetrar en skoðað verði samhliða hvort einhver starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar geti nýtt sér hluta hússins.

Hafnarhúsið er sögufrægt hús á einhverjum besta stað í borginni. Sérstök áhersla við útleigu er fólgin í að húsið nýtist fyrir skapandi greinar og nýsköpun. Notkun þess verði þannig mjög í samræmi við starfsemi í nærliggjandi húsum. Í Tollhúsinu, Tryggvagötu 19, verður aðsetur allra deilda Listaháskóla Íslands. Borgarbókasafnið Grófinni, Tryggvagötu 15 er í næsta húsi og þegar er í húsinu Listasafn Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg stefnir að því að endurbyggja og innrétta húsið á næstu árum þar sem gert er ráð fyrir listasafni Nínu Tryggvadóttir ásamt aðstöðu fyrir aðrar listgreinar. Á meðan er gert ráð fyrir að nýta húsnæðið til bráðabirgða fyrir skapandi greinar.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig  
*Fjármála- og áhættustýringarsvið*  
*Eignaskrifstofa*

Hjálagt:  
Drög að auglýsingu

# FJÖLBREYTT AÐSTAÐA FYRIR SKAPANDI FÓLK Í HAFNARHÚSINU



Reykjavíkurborg leitar að samstarfsaðila til að reka miðstöð fyrir skapandi greinar í Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík. Leitað er að aðila sem mun taka húsnæðið á leigu og sjá um framleigu og utanumhald.

Horft er til þess að starfsemin í húsinu falli að nærumhverfinu og gæði það lífi. Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði nýtt sem vinnu- og lærdómsaðstaða í miðbæ Reykjavíkur þar sem mismunandi skapandi greinar svo sem listgreinar, hönnun, forritun og önnur nýsköpun komi saman.

Markmiðið er að efla sköpun í breiðum skilningi, binda saman sköpunarkrafta einstaklinga og minni fyrirtækja í borginni, efla fræðslu og þekkingarmyndun fyrir skapandi fólk og ýta undir tengslamyndun í skapandi greinum.

Til ráðstöfunar verða um 3500 fermetrar en gert er ráð fyrir að starfsemi hefjist 1. júlí 2022. Reykjavíkurborg stefnir að því að endurbyggja og innrétta húsið á næstu árum þar sem gert er ráð fyrir listasafni Nínu Tryggvadóttir ásamt aðstöðu fyrir aðrar listgreinar. Á meðan er gert ráð fyrir að nýta húsnæðið til bráðabirgða fyrir skapandi greinar.

Húsnæðið er ekki í notkun í dag. Ástand þess er með ýmsu móti og er gert ráð fyrir að leigutaki endurbæti það að sínum þörfum.

## Samstarfsaðilar:

Leitað er að samstarfsaðila og verða umsóknir m.a. metnar með tilliti til nokkurra þátta:

- Breiður hópur
  - Leitað er að umsækjendum sem hafa breiða aðkomu að skapandi greinum í borginni. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu, þekkingu og tengsl við listgreinar sem og nýsköpunarfyrirtæki.
- Samfélagsleg nálgun
  - Ekki er reiknað með að húsnæðið verði rekið með hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi. Leitast verður eftir því að vinna með umsækjendum sem vilja reka húsnæðið með samfélagslegri hugsjón þar sem endanlegt markmið er að efla sköpun og nýsköpun í Reykjavík.
  - Reykjavíkurborg leggur húsnæðið til á lágum kjörum og er gert ráð fyrir því að húsnæðið verði leigt út áfram til einstaklinga og minni hópa á sem lægstum mögulegum kjörum.
- Fræðsla, þekkingarmyndun og tengsl

- Leitað er að umsækjendum sem eru með skýrar hugmyndir um starfsemi á staðnum sem ýtir undir fræðslu, þekkingarmyndun og tengsl innan hópsins sem mun vinna á staðnum sem og samband við aðrar stofnanir, fyrirtæki og skóla á Íslandi og erlendis.

Skilafrestur til að lýsa áhuga og hugmyndum rennur út 31. mars 2022.

Finna má frekari upplýsingar á vef Reykjavíkur á [reykjavik.is/leiga](http://reykjavik.is/leiga).

Allar nánari upplýsingar veitir Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar [esr@reykjavik.is](mailto:esr@reykjavik.is)

DRÖG